



STARFSLÝSING

Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna

Yfirmaður

Bæjarstjóri

Meginviðfangsefni

- Yfirstjórn Fjarðabyggðarhafna, skipulagning og nýting tiltækra starfskrafta.
- Frumkvæðishlutverk í stefnumörkun, þekkingaröflun, þekkingarmiðlun, þróunarstarfi og greiningu upplýsinga sem varða hafnastarfsemi og markaðstækifæri hafna.
- Ábyrgð á þjónustu fyrir hafnarstjórn og eftirfylgni ákvarðana hennar.

Hafnarstjórn

- Undirbúningur og frágangur funda hafnarstjórnar og ábyrgð á að mál séu vel undirbúin og skriflegar tillögur og gögn greinargóð.
- Tilkynningar til hlutaðeigandi um afgreiðslu erinda til hafnarstjórnar og kynning mála á heimasíðu sé tilefni til.
- Umsjón með að fyrirspurnir og erindi til hafnarstjórnar fari í réttan farveg og eftirfylgni með að þau hljóti tilhlýðilega afgreiðslu.

Stefnumótun- og áætlunargerð

- Vinna við stefnumótun hafnarinnar og áætlunargerð er snúa m.a. að gæðamálum, hafnarvernd, verndaráætlunum, öryggismálum, viðbragðsáætlanir, umhverfismálum o.fl. Þróunar- markaðs og kynningaráætlanir hafnarinnar.

Stjórnsýsla

- Umsjón með að samþykktir, gjaldskrár og verklagsreglur varðandi málefni Fjarðabyggðarhafna séu í réttu horfi og í samræmi við áherslur hafnarstjórnar og bæjaryfirvalda.
- Umsjón með að erindi til Fjarðabyggðarhafna séu afgreidd í samræmi við vandaða stjórnun og stjórnsýsluhætti.

Fjármál

- Umsjón og eftirlit með starfs- og fjárhagáætlun vegna verkefna sem hafnarstjórn ber ábyrgð á.
- Ábyrgð á að útgjöld Fjarðabyggðarhafna séu innan fjárheimilda. Tillögugerð um umbætur á starfsemi og hagræðingu í rekstri eftir því sem færi gefst á.
- Gerð framkvæmda- og viðhaldsáætlana og eftirfylgni þeirra.
- Söfnun og greining upplýsinga um kostnað og árangur af hafnastarfsemi.
- Samanburður við hafnir annars staðar sem þykja til fyrirmyndar í starfi.

Starfsmenn



Fjarðabyggð

Bæjarstjóri

- Milli stjórnar Fjarðabyggðarhafna og þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar sveitarfélagsins hefur verið gerður samningur um þjónustu, en skv. honum færast verkstjórn og ábyrgð starfsmanna hafnarinnar í hendur forstöðumanns þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar Fjarðabyggðar.
- Framkvæmdastjóri hafna fer áfram með ábyrgð á þjónustu hafnanna til sinna viðskiptavina og önnur þau umsvif sem veitingu þjónustunnar tilheyrr. Forstöðumaður þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar Fjarðabyggðar skal hafa samráð við framkvæmdastjóra hafna um allar breytingar sem gerðar eru á mönnun og þjónustustýringu hafnarinnar hvað mannaflapörf tilheyrr.
- Forgangsröðun og samræming verkefna og úthlutun þeirra til framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar
- Leiðsögn og ráðgjöf til þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar um þjónustu á höfnum.
- Umsjón og eftirlit með að starfsmenn þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar búi yfir og viðhaldi faglegri þekkingu sem nauðsynleg er til að sinna verkefnum.
- Ábyrgð á reglulegum fundum með forstöðumanni þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.
- Samstarf hafna og þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar er í mótun og þróun.

Teymisvinna

- Stjórnun funda.
- Þátttaka í teymisfundum framkvæmda- og umhverfissviðs ef málefni hafnanna eru á dagskrá.
- Þátttaka í stjórnendafundum og ábyrgð á að leggja mál frá Fjarðabyggðarhöfnum fyrir til kynningar.

Samskipti

- Við hafnasambandið, hafnaráð, samgönguráðuneyti og önnur yfirvöld hafnamála.
- Við Vegagerðina og Fiskistofu.
- Við hafnayfirvöld annars staðar á landinu og í samskiptalöndum.

Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem bæjarstjóri felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Þekking á stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Þekking og/eða reynsla af gæða- og öryggismálum er kostur.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum hafna er kostur.
- Þekking og reynsla af samningagerð er kostur.
- Þekking og reynsla af starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu og eða hafnarmála er kostur.
- Forystu- skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Fjarðabyggð október 2017

Bæjarstjóri

Framkvæmdastjóri hafna